TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

# AÐALSKIPULAG DALVÍKUBYGGÐAR 2020-2032

Endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020

**Áfangaskýrsla 1 - SKIPULAGS- OG MATSLÝSING**

EFNISYFIRLIT


**1 YFIRLIT ... 3**

1.1 HVAÐ ER AÐALSKIPULAG? ... 3
1.2 ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS ... 4
1.3 HLUTVERK SKIPULAGSLÝSINGAR ... 4
1.4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ ... 5

**2 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR ... 6**

2.1 MEGINVIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR ... 6
2.1.1 Almenn atriði ... 6
2.1.2 Byggð ... 6
2.1.3 Samgöngur og veitur ... 6
2.1.4 Umhverfi ... 7
2.2 HELSTU ÁHERSLUR VIÐ GERÐ SKIPULAGSINS ... 7
2.2.1 Almenn atriði ... 7
2.2.2 Byggð og byggðamynstur ... 7
2.2.3 Þjónustukerfi ... 7
2.2.4 Umhverfi ... 8

**3 FORSENDUR ... 9**

3.1 MANNFJÖLDI OG HÚSNÆÐISMÁL ... 9
3.1.1 Íbúafjöldi og íbúaspá ... 9
3.1.2 Aldursskipting ... 10
3.1.3 Íbúðir og meðalstærð heimila ... 13
3.2 SKIPULAGSÁÆTLANIR ... 13
3.2.1 Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 ... 13
3.2.2 Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga ... 13
3.2.3 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 ... 14
3.3 ÖNNUR STEFNUSKJÖL OG ÁÆTLANIR ... 15
3.3.1 Landsskipulagsstefna ... 15
3.3.2 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun ... 17
3.4 LANDSÁÆTLANIR ... 18
3.4.1 Samgönguáætlun 2011 – 2022 ... 18
3.5 ALÞJÓÐASAMNINGAR ... 18
3.5.1 Ramsarsamningurinn um votlendi ... 18
3.5.2 Samningur um líffræðilega fjölbreytni ... 19
3.5.3 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum ... 19

**4 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR - MATSLÝSING ... 20**

4.1 UMHVERFISSKÝRSLA ... 20
4.2 ÁHRIFAÞÆTTIR ... 20
4.3 UMHVERFISÞÆTTIR ... 21
4.4 SKIPULAGSKOSTIR ... 22
4.5 MAT Á ÁHRIFUM ... 22
4.6 VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ ... 23

**5 SKIPULAGSFERLI ... 24**

5.1 KYNNING LÝSINGAR OG SAMRÁÐ ... 24
5.2 VERKÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS ... 25
5.3 ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMIÐ ... 26

# 1 YFIRLIT

Með framlagningu skipulagslýsingar þessarar hefst samráð við almenning, umsagnaraðila og aðra hagsmunaaðila um endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar og er óskað eftir sjónarmiðum og ábendingum, sem að gagni geta komið í skipulagsvinnunni.

## 1.1 HVAÐ ER AÐALSKIPULAG?

Aðalskipulag sveitarfélags er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun þess. Stefnan skal unnin í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa munu í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.[1]

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitafélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi:

- landnotkun.
- byggðarþróun og byggðamynstur.
- samgöngu- og þjónustukerfi.
- umhverfismál.

Þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun s.s. vegna náttúruvár og verndar. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags. Stefna um landnotkun skal rökstudd með vísun í sett markmið sveitarstjórnar, byggðaþróun undanfarinna ára og líklega framvindu sem gera þarf grein fyrir í skipulaginu.[2]

Til skýringar og einföldunar má segja að landnotkun snúist um *hvar eigi að byggja hvað*, byggðaþróun um *hvar eigi að byggja næst og hversu mikið*, byggðamynstur um *hvernig eigi að byggja*, samgöngu- og þjónustukerfi um *hvar götur og veitur skuli liggja* og umhverfismál um *hvernig umgangast skuli umhverfi og náttúru*. Þessir þættir tengjast innbyrðis á margvíslegan þátt. Í þeim ákvörðunum sem teknar eru um landnotkun og nýtingu í aðalskipulagi felast forsendur fyrir framkvæmdir og landnytjar. Við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins skal hafa markmið aðalskipulagsins til hliðsjónar.

Aðalskiplag er eitt af fjórum skipulagsstigum en þau eru landskipulagsstefna, svæðisskipulag, aðal-skipulag og deiliskipulag. Í landsskipulagsstefnu felast markmið og viðmið sem ná til landsins alls, svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög sem setja sér stefnu um sameiginleg hagsmunamál, aðalskipulag nær til alls lands innan eins sveitarfélagsins en deiliskipulag nær til minni svæða, hverfa eða reita og þar er endanleg skipan byggðarinnar ákveðin.

Í gildi er Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 30. júní 2009 og staðfest af umhverfisráðherra þann 24. ágúst 2009. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 21.1.2014.

[1] gr. 4.1.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
[2] gr. 4.1.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Áður voru í gildi Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012 og Aðalskipulag Árskógshrepps 1991-2011. Ekkert aðalskipulag hafði verið gert fyrir Svarfaðardalshrepp og dreifbýlið á Árskógsströnd áður en núgildandi aðalskipulag var unnið.

## 1.2 ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS

Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir: „þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu."

Á fundi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar í febrúar 2019 var lagt til að aðalskipulag Dalvíkurbyggðar skyldi endurskoðað og var bókun ráðsins samþykkt á fundi sveitarstjórnar 19. febrúar. Helstu viðfangsefni og áherslur eru tilgreindar í 2. kafla.

## 1.3 HLUTVERK SKIPULAGSLÝSINGAR

Þegar vinna við gerð skipulags hefst skal taka saman lýsingu á fyrirhugaðri skipulagsvinnu þar sem fram koma áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina, upplýsingar um helstu forsendur og fyrirliggjandi stefnu. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir fyrirhuguðu skipulagsferli og kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila.

**Með framlagningu lýsingar hefst samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila um endurskoðun aðalskipulagsins.** Með lýsingunni er í upphafi verks óskað eftir sjónarmiðum og ábendingum, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Endurskoðað aðalskipulag verður uppfært í samræmi við ný skipulagslög nr.123/2010. Í skipulagslögum er m.a. lögð áhersla á þátttöku almennings í skipulagsferlinu, sjálfbæra þróun og heildarsýn hvað varðar landnotkun. Sett verða fram skýr ákvæði á þeim landnotkunarreitum þar sem stefna hefur verið ákvörðuð.

Aðalskipulagið verður sett fram í greinargerð og á uppdráttum. Greinargerðin mun skiptast í:

- forsendur.
- greinargerð skipulags, stefna og skipulagsákvæði.
- umhverfisskýrslu, sem er mat á mögulegum áhrifum af framfylgd skipulagsins á náttúru og samfélag.

Á síðari stigum verður ákveðið hvort efnið verði sett fram í einu lagi eða t.d. í þrem heftum með ofangreindum yfirskriftum.

## 1.4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Sveitarfélagið er 598 km² að flatarmáli og nær frá sjávarmáli upp í rúma 1.400 m hæð ofan Skíðadals. Skipulagsuppdrættir verða tveir, þ.e. einn sveitarfélagsuppdráttur og einn þéttbýlisuppdráttur fyrir Dalvík, Árskógssand og Hauganes ásamt séruppdrætti fyrir Laugahlíð.




1. mynd. *Yfirlitskort yfir sveitarfélagið.*

# 2 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

## 2.1 MEGINVIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR

Eftirtalin viðfangsefni verða skoðuð og metin við endurskoðun aðalskipulagsins. Óskað er eftir ábendingum á þessu stigi (í upphafi verks) frá almenningi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum um önnur atriði, sem einnig ætti að taka til skoðunar. Listinn er uppkast og verður í stöðugri endurskoðun á verktímanum.

### 2.1.1 ALMENN ATRIÐI

- Uppfærsla til samræmis við skipulagsreglugerð 90/2013.
- Endurmat forsendna.
    - Mannfjöldi, mannfjöldaspá.
    - Húsnæðisáætlun, húsnæðisstefna.
- Endurskoðun stefnu og markmiða með það að leiðarljósi að gera sveitarfélagið eftirsóknarvert til búsetu.
- Samhengi við landsskipulagsstefnu og heimsmarkmið SÞ.
- Nýir efnisþættir – t.d. ferðaþjónusta, skógrækt, aðgerðir vegna loftslagsbreytinga.

### 2.1.2 BYGGÐ

- Byggðamynstur
    - Áætlun um bætta nýtingu lands og þjónustukerfa.
    - Framtíðarbyggð á Dalvík. Byggingarsvæði til suðurs. Ákvarða þörf og umfang.
    - Íbúðarbyggð á Hauganesi, Árskógssandi og Laugahlíð.
    - Yfirfara og endurskoða ákvæði um íbúðarbyggð í sveitinni.
    - Eiginleikar, yfirbragð og þéttleiki byggðar í þéttbýli.
- Atvinnusvæði
    - Stefna um uppbyggingu ferðaþjónustu.
    - Iðnaðarsvæði/athafnasvæði, stækkun eða ný svæði.
    - Athuga möguleika á stækkun athafnasvæðis á sandinum með breyttum mörkum friðlandsins.
    - Finna svæði fyrir mótorsport.
- Miðbær Dalvíkur, stefna um endurbætur á bæjarmynd.

### 2.1.3 SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Yfirfara aðalvegakerfi, stofn- og tengibrautir, jarðgöng.
- Yfirfara innra gatnakerfi þéttbýlisstaða.
- Hafnir: Ath. stækkun Dalvíkurhafnar.
- Almenningssamgöngur, m.a. tenging ferju við samgöngur á landi.
- Samgöngukerfi fyrir hjólandi og gangandi; göngu- og hjólastígar.
- Samgöngur milli Hauganess og Árskógssands.
- Virkjun í Brimnesá (að hluta inna fólkvangs).
- Fráveitukerfi, dælustöðvar og rotþrær.

### 2.1.4 UMHVERFI

- Umhverfisvandamál?
- Friðunaráform?
- Hvernig styður aðalskipulag Dalvíkurbyggðar við markmið landsskipulagsstefnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna?
- Ákvæði um umgengni og önnur áhrif atvinnustarfsemi á umhverfið, t.d. lyktarmengun.

## 2.2 HELSTU ÁHERSLUR VIÐ GERÐ SKIPULAGSINS

Umhverfisráð leggur áherslu á eftirtalin atriði í upphafi verks. Óskað er eftir sjónarmiðum og ábendingum um áherslur og viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulagsins.

### 2.2.1 ALMENN ATRIÐI

- Formuð verði stefna um samráð við undirbúning skipulags og framkvæmda.

### 2.2.2 BYGGÐ OG BYGGÐAMYNSTUR

- Áhersla á fjölbreytta búsetukosti og góð búsetuskilyrði fyrir alla.
- Húsnæðisstefna
    - Öruggt og vandað búsetuumhverfi.
    - Búsetuform, húsnæðisgerðir og íbúðarstærðir, verði fjölbreytt og svari eftirspurn
    - Heimili fyrir alla sbr. markmið á lands- og alþjóðavísu. Rými fyrir fjölbreytt húsnæðiskerfi.
- Bætt nýting byggingarlands og þjónustukerfa.
- Sett verði stefna um byggingarlist og gæði mannvirkja í Dalvíkurbyggð.
- Mótuð verði stefna um skipulag miðbæjar Dalvíkur með bættri bæjarmynd og blandaðri byggð.
- Vöxtur Dalvíkur verði annars vegar til suðurs og hins vegar á svæðum innan núverandi byggðar, t.d. með endurnýjun byggðar og bættri nýtingu lands og þjónustukerfa.
- Stefna um önnur atriði, t.d.:
    - Stefna um skilti og merkingar.
    - Stefna um fjarskiptabúnað (t.d. GSM senda).
    - Hljóðvarnir.
    - Göngu- og hjólastígakerfi (lýðheilsa).
    - Snjósöfnunarsvæði.

### 2.2.3 ÞJÓNUSTUKERFI

- Taka þarf ákvörðun um hvort stefna eigi að nýjum jarðgöngum til Ólafsfjarðar eða að endurbótum á Múlagöngum.
- Stefna um almenningssamgöngur milli þéttbýliskjarna og aðliggjandi þjónustukjarna m.t.t. skóla- og vinnusóknar.
- Áhersla á bætta göngu- og hjólastíga í þéttbýli.
- Útfærsla samgöngumannvirkja:
    - m.t.t. mengunar (loft, hávaði).
    - m.t.t. öryggis allra vegfarenda.
    - m.t.t. bæjarmyndar.
- Gagnaveitur, fráveita, dælu- og hreinsistöðvar og rotþrær.

- Meta núverandi stöðu og marka stefnu.

### 2.2.4 UMHVERFI

- Skógrækt. Ný skógræktarsvæði verði metin út frá möguleikum til útivistar og kolefnisbindingar Tvær meginleiðir:
  - Núverandi nálgun aðalskipulags: Skógrækt er ekki afmörkuð sérstaklega en hún er heimil hvar sem er innan skilgreindra marka og viðmiða. Ný skógrækt innan þeirra kallar ekki á breytingu á aðalskipulagi.
  - Hugsanleg útfærsla: Skógræktarsvæði verði afmörkuð á aðalskipulagsuppdrætti út frá tilteknum forsendum eða núverandi áætlunum. Ný áform kalla á breytingu á skipulagi.
- Náttúruvernd - endurmat
  - Endurskoðun/endurmat hverfisverndarsvæða og ákvæða.
  - Verndarsvæði vegna grunnvatns og strandmengunar.
- Minjavernd
  - Endurmat húsaverndar m.t.t. aldursákvæða minjalaga.
  - Endurvinna þarf fornleifaskráningu þéttbýlisstaða og fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Gamla aðalskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar sem miðast við minjalög.
- Náttúruvá – skilgreining svæða. Uppfærsla og endurmat (Veðurstofan).
- Mengunarvarnir og úrgangsmeðhöndlun.
  - Strendur bæjarlandsins verði hreinar, ómengaðar og aðgengilegar gangandi fólki.
  - Stefnt verði að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs? Aðgerðir í aðalskipulagi?

2. mynd. *Árskógssandur.*

# 3 FORSENDUR

Í lýsingu þessari er birt greining á lýðtölum, þ.e. gögnum um mannfjölda og líklega þróun. Einnig er gerð grein fyrir tengslum aðalskipulagsins við aðrar áætlanir s.s. skipulag og stefnumörkun á landsvísu og alþjóðavísu. Gerð verður grein öðrum forsendum í **áfangaskýrslu 2 –forsendur**, m.a. um staðhætti, landslag og náttúrufar, mannfjölda og byggðaþróun, atvinnulíf, samgöngu- og þjónustukerfi, verndarákvæði og aðra þætti sem setja landnotkun einhver takmörk s.s. náttúruvá.

## 3.1 MANNFJÖLDI OG HÚSNÆÐISMÁL

Í ársbyrjun 2019 bjuggu 1.905 manns í Dalvíkurbyggð. Rúm 70% bjuggu á Dalvík (1.3819), um 15% í sveitinni (299) og tæp 12% á Árskógssandi og Hauganesi (225).

### 3.1.1 ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚASPÁ

Íbúum hefur fækkað nokkuð undanfarna tvo áratugi. Fækkunin nemur um 7,3% milli 1999 og 2019 í sveitarfélaginu í heild. Á því tímabili fækkaði íbúum þéttbýlisstaðanna um 9,6% en íbúum í sveitinni fjölgaði um 7%. Síðast liðin þrjú ár hefur íbúum þó fjölgað á öllum þéttbýlisstöðunum. Sveiflur í íbúafjölda eru mun minni í sveitinni en í þéttbýli.




3. mynd. *Íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð 1999-2019.*

Til þess að nálgast viðmiðun fyrir nýbyggingarsvæði aðalskipulagsins eru mismunandi framreikningar skoðaðir. Í fyrsta lagi eru skoðaðir einfaldir framreikningar út frá þróun undanfarinna ára, annars vegar framreiknað meðaltal síðustu 20 ár og hins vegar síðustu 5 ára. Þá er tekið mið af miðspá Hagstofu Íslands fyrir allt landið og hún yfirfærð á Dalvíkurbyggð. Síðan hefur hagdeild íbúðalánasjóðs unnið íbúaspá fyrir Dalvíkurbyggð. Út frá þessum pælingum má gera ráð fyrir að íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð verði frá því um 1.800 manns miðað við áframhaldandi fækkun upp í um 2050 miðað við að fylgja landsmeðaltali. Eða með öðrum orðum um 1.915 +/- 140.




4. mynd. *Íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð 1999-2019 og framreikningar til 2031.*

### 3.1.2 ALDURSSKIPTING

Talsverðar breytingar hafa orðið á aldursskiptingu á landinu með lækkandi fæðingartíðni og auknu langlífi. Aldursskiptingu má skoða með s.k. aldurspíramídum sem sýna hlutföll ákveðinna aldursbila. Stórir árgangar í lok 6. áratugar 20. aldar nálgast nú eftirlaunaaldur. Börn stóru árganganna eru fjölmennustu árgangarnir en hlutfallslega ekki jafn stórir og árgangar foreldranna voru. Samanlagt breytir þetta aldurspíramídanum þannig að hann verður æ „herðabreiðari“ og kubbslegri en áður. 1999 er aldurspíramídi Dalvíkurbyggðar nánast reglulegur píramídi en 2019 sýnir hann glögglega breytt hlutföll aldurshópa þar sem hlutfall barna og unglinga hefur lækkað verulega. Á næstu árum mun hlutfall eldra fólks, sem komið er út af vinnumarkaði hækka talsvert.




5. mynd. *Aldurspíramídi Dalvíkurbyggðar 1999*




6. mynd. *Aldurspíramídi Dalvíkurbyggðar 2019.*




7. mynd. *Aldurspíramídi, landið allt 2019.*




8. mynd. *Aldursskipting í Dalvíkurbyggð 1999*




9. mynd. *Aldursskipting í Dalvíkurbyggð 2019*




10. mynd. *Spá/tilgáta um aldursskiptingu 2031 miðað við mannfjöldaspá Hagstofnunnar 2019-2068.*

Breytt aldurssamsetning gefur sterkar vísbendingar um þörf fyrir skólamannvirki og húsnæðismarkað. Hlutfall barna á grunn- og framhaldsskólaaldri hefur lækkað úr 25,6% árið 1999 í 19,6% árið 2019. Ef tekið er mið af mannfjöldaspá Hagstofunnar[3] 2019-2068 og breytingar fram til 2031 yfirfærðar á Dalvíkurbyggð má áætla að hlutfall þessa hóps lækki enn og verði um 18,4% árið 2031. Miðað við miðspá Hagstofunnar yrði fjölgun í sveitarfélaginu um 130-140 manns. Börnum og ungmennum á skólaaldri myndi fjölga um 17, fólki á starfsaldri um 36 og fólki 70 ára og eldra um tæplega 100.

Ef litið er enn lengra inn í mannfjöldaspá Hagstofunnar þá er reiknað með því að þessar breytingar á aldursskiptingu haldi áfram. Miðað við spána lækkar hlutfall barna og unglinga úr 25,1% árið 2019 niður í 21,3% árið 2051 en hlutfall 70 ára og eldri hækkar úr 9,6% í 18,29%. Fólk á starfsaldri verður áfram rúmlega helmingur landsmanna, hlutfallið breytist úr 58% í 55% á landsvísu miðað við miðspá Hagstofunnar.

[3] https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa/ Sótt í janúar 2020

### 3.1.3 ÍBÚÐIR OG MEÐALSTÆRÐ HEIMILA

Árið 2018 voru 740 íbúðir skráðar í Dalvíkurbyggð. Meðalíbúafjöldi í hverri íbúð var það ár 2,54 (íbúar/íbúð). Þetta meðaltal hefur lækkað jafnt og þétt undanfarna tvo áratugi úr 3,16 árið 1999. Meðaltal fyrir landið allt árið 2018 var 2,50 íbúar/íbúð. Dalvík er nálægt landsmeðaltali.




11. mynd. *Meðalíbúafjöldi í hverri íbúð í Dalvíkurbyggð.*

Reiknað er með að meðalstærð heimila haldi áfram að minnka og verður hér tekið sem dæmi að hún verði um 2,4 árið 2031 til þess að áætla íbúðaþörf í sveitarfélaginu. Ef miðað er við efri mörk framreiknings íbúafjölda og að um 2,4 íbúar verði að meðaltali í hverri íbúð verður þörf fyrir um 150 nýjar íbúðir. Ef hins vegar verður áframhaldandi fólksfækkun sbr. neðri mörk framreikninga verður ekki þörf fyrir fleiri íbúðir þrátt fyrir minnkandi meðalfjölskyldustærð.

## 3.2 SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 3.2.1 AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

Í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur fram stefna sveitarstjórnar, sem lá til grundvallar því skipulagi. Sjá gögn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

### 3.2.2 AÐALSKIPULAGSÁÆTLANIR AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLAGA

Aðliggjandi sveitarfélög eru Fjallabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Hörgársveit. Í samræmi við 3. mgr. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þá skal gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

#### AÐALSKIPULAG FJALLABYGGÐAR 2008-2028, ER Í ENDURSKOÐUN

Sameiginleg skipulagsmál eru vegakerfi, þ.m.t. jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, raflínur, ljósleiðarar og verndarákvæði. Náttúruverndarsvæði í Múlanum í Dalvíkurbyggð mætir náttúruverndarsvæði í Fjallabyggð.

#### AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2009-2021

Sameiginleg skipulagsmál eru göngu- og reiðleiðir og náttúruverndarsvæði fjalllendis milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

AÐALSKIPULAG HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

Sameiginleg skipulagsmál eru vegakerfi, göngu- og reiðleiðir, raflínur og ljósleiðarar.

### 3.2.3 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 7. október 2013.

Svæðisskipulagið nær til allra sveitarfélaga við Eyjafjörð en þau eru Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandahreppur og Grýtubakkahreppur. Skipulagið nær einkum til eftirfarandi málaflokka:

- Byggðaþróun og byggðamynstur
- Landnotkun
- Samgöngu- og þjónustukerfi
- Takmörkun á landnotkun

Eftirtalin markmið svæðisskipulagsins geta haft áhrif á aðalskipulag Dalvíkurbyggðar (kaflanúmer eru úr svæðisskipulagi):

**3.2 BYGGÐAÞRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR**

- Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu.
- Stefnt er að hagkvæmu byggðamynstri.
- Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.
- Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.

**3.3 LANDNOTKUN**

**3.3.1 Landbúnaður**

- Landnýting skal vera í samræmi við landkosti þannig að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

**3.3.2 Iðnaðarsvæði**

- Stuðlað skal að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði.
- Stóriðjuver verður ekki reist í Eyjafirði á skipulagstímabilinu.

**3.3.3 Efnistökusvæði**

- Tryggja skal framboð jarðefna af viðeigandi gæðum til mannvirkjagerðar á skipulagssvæðinu.
- Efnistöku skal haga þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúrufar, landslag og lífsgæði verði í lágmarki.
- Náttúruminjum, landslagi og útivistarsvæðum, sem eru mikilvæg vegna lífríkis, jarðmyndana, yfirbragðs landsins eða útivistargildis, skal forðast að raska með efnistöku.

**3.4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI**

**3.4.1 Vegakerfi**

- Áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur (A).

- Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
- Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

#### 3.4.2 Hafnir

- Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.

#### 3.4.5 Meðhöndlun úrgangs

- Sveitarfélögin skulu efla sameiginlegan vettvang úrgangsmeðhöndlunar með hagkvæmni og umhverfisvernd að leiðarljósi og leitast við að samræma vinnubrögð og rekstur á því sviði.

### 3.5 TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

#### 3.5.1 Vatnsverndarsvæði

- Íbúum og atvinnulífi á skipulagssvæðinu skal tryggður aðgangur að nægu og góðu neysluvatni.

#### 3.5.2 Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns

- Stefnt skal að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í hæsta flokki (flokkur A) miðað við ákvæði reglugerða.
- Stefnt skal að því að ár og vötn verði í flokki A (ósnortið vatn) miðað við flokkun í 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999.

## 3.3 ÖNNUR STEFNUSKJÖL OG ÁÆTLANIR

Í aðalskipulaginu (umhverfisskýrslu) verður gerð grein fyrir því hvernig ákvæði aðalskipulags Dalvíkur styðja við þau markmið í öðrum stefnuskjölum, sem við eiga.

### 3.3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Í landsskipulagsstefnu eru markmið og áherslur sem varða almannahagsmuni, byggðaþróun og landnotkun á landsvísu. Markmið landsskipulagsstefnu verða höfð að leiðarljósi við endurskoðun aðalskipulagsins. Tveir flokkanna eiga við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar, þ.e. **skipulag í dreifbýli** og **búsetumynstur og dreifing byggðar.**

Markmið flokkanna eru eftirfarandi (kaflanúmer eru úr landsskipulagsstefnu):

**2 SKIPULAG Í DREIFBÝLI**

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

**2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli**

Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli.

### 2.2 Umhverfis- og menningargæði

Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

### 2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands

Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

### 2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

### 2.5 Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

### 2.6 Sjálfbærar samgöngur

Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

### 2.7 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið

Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag.

### 2.8 Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga

Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

## 3 BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

### 3.1 Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun

Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.

### 3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.

### 3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.

**3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf**

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

**3.5 Sjálfbærar samgöngur**

Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

**3.6 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið**

Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að umhverfisáhrifum.

**3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar**

Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.

### 3.3.2 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk þess sem þeim markmiðum var forgangsraðað sem krefjast mestrar vinnu af hálfu stjórnvalda til að þeim megi ná fyrir árið 2030.

Meðal forgangsmarkmiða ríkisstjórnarinnar sem geta átt við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar eru (kaflanúmer eiga við forgangsmarkmiðin):[4]

**6.3** Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

**11.1** Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði …

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

**11.4** Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

**11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.

[4] *Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar* (skoðað okt. 2019).

**13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

## 3.4 LANDSÁÆTLANIR

### 3.4.1 SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011 – 2022

Samgönguáætlunin felur í sér stefnu sem unnið skal eftir í samgöngumálum á árunum 2019 – 2033. Hún felur í sér stefnumótun í samgöngumálum og markmið sem unnið skal að. Skilgreining á grunnneti samgöngukerfisins nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur. Í samgönguáætluninni er áætlun um fjáröflun til samgöngumála og yfirlit yfir útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flug-, siglinga- og vegamála.

Í áætluninni eru m.a. lögð fram markmið sem sum hver verða unnin í samvinnu við sveitarfélög og taka má tillit til við stefnumótun aðalskipulags t.d.:

**2.1. Markmið um greiðar samgöngur**

- Stefnt verði að því að samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði aukið og hreyfanleiki bættur.
- Búsetugæði verði aukin með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.
- Uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta.

**2.2. Markmið um öruggar samgöngur**

- Öryggi verði haft til hliðsjónar við allar ákvarðanir, áherslur og aðgerðir í samgöngumálum óháð ferðamáta. Markmið allra öryggisaðgerða verði að vernda mannslíf og að Ísland standi jafnfætis þeim ríkjum er fremst standa í öryggismálum.

**2.5. Markmið um jákvæða byggðaþróun**

- Stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og stuðla að þeim grunni sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.

Höfnin á Dalvík og á Árskógssandi eru skilgreindar sem hafnir í grunnneti.

## 3.5 ALÞJÓÐASAMNINGAR

### 3.5.1 RAMSARSAMNINGURINN UM VOTLENDI

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum. Sex s.k. Ramsarsvæði eru skilgreind á Íslandi en það eru svæði sem eru alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði með áherslu á mikilvægi þeirra fyrir votlendisfugla. Ekkert þeirra er í Dalvíkurbyggð.

Við neðanverða Svarfaðardalsá er friðland Svarfdæla sem var friðlýst árið 1972 fyrir tilstuðlan bænda í Svarfaðardal til verndar lífríki og landslagi friðlandsins. Votlendi einkennir friðlandið og er svæðið mikilvægt búsvæði ýmissa votlendisfugla. Friðland Svarfdæla styður við markmið Ramsarsamkomulagsins.

### 3.5.2 SAMNINGUR UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNI

Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að sanngjarnari skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

### 3.5.3 AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Meðal aðgerða í áætluninni sem eiga við stefnumótun um landnotkun í Dalvíkurbyggð eru:

- Innviðir fyrir rafhjól og reiðhjól.
- Rafvæðing hafna.
- Efling nýskógræktar til kolefnisbindingar.
- Hertar takmarkanir á framræslu votlendis og átak í endurheimt.
- Samstarf við sauðfjárbændur um kolefnisbindingu.

12. mynd. *Dalvíkurkirkja.*

# 4 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR - MATSLÝSING

Endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem hún mun marka stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanatöku og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum til handa íbúum.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun mótvægisaðgerða. Jafnframt verður umhverfismat áætlana nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um umhverfisáhrif skipulagstillögunnar.

## 4.1 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfismat áætlunarinnar verður sett fram í **umhverfisskýrslu** sem verður hluti skipulagsgagna. Þar verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulagsins, greiningu á kostum, mótvægis-aðgerðum og vöktun sem kann að verða skilgreind vegna mögulegra umhverfisáhrifa eða óvissu þar um.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þar skal gerð grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess.

Uppbygging og innihald umhverfisskýrslu verður í samræmi við 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

## 4.2 ÁHRIFAÞÆTTIR

Þeir þættir í skipulagsvinnunni, sem helst eru taldir geta haft í för með sér umhverfisáhrif, varða áætlanir um byggð, samgöngur og veitur.

- **Byggð** á við landnotkun á borð við íbúðarbyggð, verslun og þjónustu, samfélagsþjónustu, frístundabyggð, athafnasvæði og iðnaðarsvæði.
- **Samgöngur** eiga m.a. við hafnir, stofnvegi/-brautir og jarðgöng.
- **Veitur** eiga m.a. við raflínur/-strengi, fráveitukerfi, dælustöðvar og útrásir.
- **Önnur landnýting** á t.d. við landbúnað, efnisnám, efnislosun og skógrækt.

## 4.3 UMHVERFISÞÆTTIR

Valdir hafa verið umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu vegna mögulegra áhrifa af skipulagsáætluninni. Val umhverfisþátta verður endurskoðað við gerð skýrslunnar í samræmi við hugmyndir skipulagstillögunnar.

| Umhverfisþáttur | Ítarflokkun | Áhrifaþættir (áhrifavaldar) |
|---|---|---|
| Andrúmsloft og veðurfar | • loftgæði, staðbundið<br>• loftgæði, hnattrænt | • mengun frá atvinnurekstri<br>• umferð ökutækja og skipa |
| Land og vistkerfi á landi | • friðuð svæði<br>• hverfisvernd<br>• sérstök vernd<br>• náttúruminjaskrá<br>• jarðhiti<br>• gróður og dýralíf | • byggð<br>• samgöngumannvirki<br>• veitur, vatnsöflun<br>• jarðefnavinnsla<br>• rannsóknir og verndarákvæði |
| Sjór, yfirborðsvatn, grunnvatn, vistkerfi í sjó og vötnum | • gróður og dýralíf<br>• vatnsgæði<br>• vatnsbúskapur | • landfyllingar<br>• fráveita<br>• landbúnaður, áburðagjöf<br>• vatnsöflun<br>• vatnsvernd<br>• byggð |
| Heilsa og öryggi | • snjóflóðahætta<br>• ágangur sjávar<br>• umferðaröryggi<br>• óþægindi | • vegir, jarðgöng<br>• aðgengi að stígum<br>• mengun frá atvinnurekstri og umferð<br>• aðgengi að útivistarsvæðum<br>• heilsueflandi samfélag |
| Efnahagur og atvinnulíf | • staðbundið<br>• áhrif frá aðliggjandi sveitarfélögum | • jarðgöng (stækkun á vinnusóknarsvæði)<br>• uppbygging atvinnusvæða<br>• atvinnuframboð<br>• atvinnuþátttaka<br>• gæði byggðar og umhverfis |
| Íbúaþróun | • íbúafjöldi og íbúasamsetning | • jarðgöng (stækkun á vinnusóknarsvæði)<br>• uppbygging atvinnusvæða<br>• atvinnuframboð, atvinnustefna<br>• húsnæðisframboð, húsnæðisstefna<br>• hækkandi meðalaldur<br>• lækkandi fæðingartíðni |
| Félagslegt umhverfi | • verslun og þjónusta<br>• samfélagsþjónusta<br>• útivist og tómstundir<br>• samgöngur | • framboð á þjónustu<br>• aðgengi að t.d. leikskóla, skóla og heilsugæslu<br>• jarðgöng (t.d. með bættu aðgengi að menntaskóla í Ólafsfirði )<br>• aðgengi að útivistarsvæðum |
| Byggð og efnisleg verðmæti | • íbúðarhúsnæði<br>• atvinnuhúsnæði<br>• vegir og veitur | • ástand og ásýnd bygginga og grunnvirkja<br>• íbúaþróun<br>• uppbyggingarmöguleikar<br>• endurnýjun miðbæjar |
| Menningarminjar | • fornminjar<br>• hverfisvernd | • byggð<br>• önnur landnýting, landbúnaður, skógrækt<br>• rannsóknir og verndarákvæði |

## 4.4 SKIPULAGSKOSTIR

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta. Á þessu stigi er ekki hægt að gefa tæmandi yfirlit yfir þá kosti sem metnir verða við áætlanagerðina. Mat verður þó lagt á möguleg ný Ólafsfjarðargöng (jarðgöng eru ekki háð umhverfismati en lagning stofnvega og efnislosun vegna jarðganga er háð mati).

Í matinu verða mismunandi kostir bornir saman auk óbreytts ástands, þ.e. gildandi skipulags og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfisþátta og settir fram í töflu.

Skipulagskostir

| | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umhverfisþættir > V Valkostir/viðfangsefni | Samfélag | Náttúrufar og dýralíf | Náttúru- og menningar-minjar | Vatn, sjór, strönd | Landslag, ásýnd | Hljóðvist | Loftgæði og loftslag | Náttúruvá og öryggism |
| Byggð - kostur 1 | ATH | ATH | ATH | ATH | ATH | ATH | ATH | ATH |
| Byggð - kostur 2 | ATH | ATH | Slæmt<br>Gott<br>Óviss áhrif | ATH | ATH | ATH | ATH | ATH |
| Samgöngur - kostur 1 | ATH | | | | | | | |
| Samgöngur - kostur 2 | ATH | | | | | | | |
| Fráveita - kostur 1 | ATH | | | | | | | |
| Fráveita - kostur 2 | ATH | | | | | | | |

13. mynd. *Mat skipulagskosta - dæmi*

Sveitarstjórn ásamt umhverfisráði Dalvíkurbyggðar, starfsmönnum og ráðgjöfum munu leggja mat á valkostina og þannig taka upplýstar ákvarðanir við gerð skipulagsins.

## 4.5 MAT Á ÁHRIFUM

Umhverfisáhrif verða í meginatriðum metin sem:

- jákvæð (+ grænt)
- neikvæð (- rautt)
- óviss (? gult)
- háð útfærslu (? blátt)
- engin, óveruleg (0 grátt)

Í umfjöllun um hvern umhverfisþátt verður einkennum áhrifa lýst með lykilhugtökum á borð við:

- bein/óbein
- varanleg/tímabundin
- afturkræf/óafturkræf
- samvirk/sammögnuð

Kannað verður hvort unnt verði að draga úr neikvæðum áhrifum með mótvægisaðgerðum.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eða hvort gera þurfi á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

## 4.6 VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ

Viðmið eru þeir mælikvarðar sem notaðir eru við mat á útfærslu skipulagsins. Til grundvallar umhverfismati áætlunarinnar verður notast við eftirtalin viðmið:

- Viðeigandi lög og reglugerðir.
- Fyrirliggjandi áætlanir sbr. kaflann Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur.
- E.t.v. verða fleiri viðmið skoðuð, allt eftir því hvaða kostir verða greindir og metnir.

14. mynd. *Á leið í Hánefsstaðaskóg.*

# 5 SKIPULAGSFERLI

Umhverfisráð tók ákvörðun um endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020 á fundi sínum þann 8. febrúar 2019. Samkvæmt skipulagslögum skal fyrst vinna lýsingu á aðalskipulagsgerðinni þar sem fram kemur hvernig unnið verður að tillögunni, hverjar séu áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Hafist var handa við gerð þessarar lýsingar á haustmánuðum 2019.

## 5.1 KYNNING LÝSINGAR OG SAMRÁÐ

Skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður lýsing skipulagsáætlunar send umsagnaraðilum í upphafi verks. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati skipulagsvinnunnar. Lýsingin verður auglýst í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins eða með öðrum fullnægjandi hætti. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess www.dalvikurbyggd.is.

Með framlagningu og kynningu lýsingar er óskað eftir því að umsagnaraðilar og almenningur leggi fram sjónarmið og ábendingar í upphafi verks, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Haldinn verður almennur kynningar- og samráðsfundur þar sem lýsingin verður kynnt og farið yfir fyrirhugaða endurskoðun aðalskipulagsins.

Leitað verður samráðs og umsagna hjá eftirtöldum stofnunum/fyrirtækjum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands, ofanflóðasvið
- Vegagerðin
- Veitustofnanir Dalvíkurbyggðar
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Landsnet
- Rarik
- Fjallabyggð
- Sveitarfélagið Skagafjörður
- Hörgársveit
- Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

## 5.2 VERKÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

15. mynd. *Helstu verkþættir við gerð aðalskipulags*

Að lokinni kynningu á skipulagslýsingu verða unnin drög að aðalskipulagi þar sem skipulagskostir verða metnir. Drög verða kynnt á opnum kynningar- og samráðsfundi eða fundum.

Fullunnin skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður síðan auglýst á landsvísu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur.

Að athugasemdafresti loknum mun umhverfisráð yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

Umhverfisráð gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt skipulag verður sent Skipulagsstofnun til staðfestingar, sem birtir auglýsingu um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal afgreiðsla sveitarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu.

Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla aðalskipulags verður í samræmi við 31. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 5.3 ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMIÐ

Óskað er eftir ábendingum, tillögum og sjónarmiðum um fyrirhugaða endurskoðun aðalskipulagsins. Þær skulu vera skriflegar og sendar til:

- Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar
  Ráðhúsi
  620 Dalvík
  v/aðalskipulagslýsingar

eða í tölvupósti til sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs

- borkur@dalvikurbyggd.is
  efni: v/aðalskipulagslýsingar

Tímafrestur er tilgreindur auglýsingu og á vefsíðu Dalvíkurbyggðar. Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

16. mynd. *Í friðlandi Svarfdæla.*